

Sönglög um dygðina ábyrgð

Á sandi byggði

∴ Á sandi byggði heimskur maður hús∴
og þá kom steypiregn.
∴Og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx ∴
og húsið á sandinum féll.
∴ Á bjargi byggði hygginn maður hús ∴
og þá kom steypiregn.
∴ Og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx ∴
og húsið á bjarginu stóð fast.

Göngum göngum

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
sínum börnum liggur hjá.

Kolakassinn

___ datt í kolakassann, hæ fadderí, fadderalala
en hann ___ átti að pass'ann, hæ fadderí, fadderalala.
Ef hún ___ vissi það, þá yrði hún alveg steinhissa,
hæ fadderí, og hæ faddera, hæ fadderí, fadderalala.

Rautt rautt

Rautt, rautt, rautt
stönsum strax við rautt.
Ekki má nú aka lengur
yfir götu fólkið gengur.
Rautt, rautt, rautt,
stönsum strax við rautt.
Grænt, grænt, grænt,
ganga skal við grænt.
Á gatnamótum gætin standa
og gá þar vel til beggja handa.
Grænt, grænt, grænt,
ganga skal við grænt.

Sigga litla systir mín

Sigga litla systir mín
situr úti í götu,
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Tönnin mín

Lag: Signir sól

Tönnin mín, tönnin mín, tönnin mín er hvít og fín.
Burstuð hún alltaf er, eins og vera ber.
Borða góðan, hollan mat, á tönnina ekki kemur gat.
Tönnin mín, tönnin mín, alltaf hvít og fín.
Tönnin er með gati hér, grátandi hún líka er.
Burstuð hún ekki var, hvorki hér né þar.
Karíus á henni sat og hjó í hana stærðar gat.
Tönnin er með gati hér, grátandi hún er.

Um landið bruna bifreiðar

Um landið bruna bifreiðar,
bifreiðar, bifreiðar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.

:;Ba bú, ba bú

tra la la la la la la:;

Um loftin fljúga flugvélar,
flugvélar, flugvélar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.

:;Fljúga, fljúga

tra la la la la la la:;

Um höfin sigla skúturnar,
skúturnar, skúturnar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.

:;Sigla sigla

tra la la la la la la:;

Um hagann tölta truntturnar,
truntturnar, truntturnar
með þeim við skulum fá oss far

:;Trunt trunt trunt trunt

tra la la la la la la:;